

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Hólar, 6. mars 2022

Umsögn Landsþings LÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur)

Landsþings LÍS fagnar því að verið er að hugsa til hags stúdenta, en það ber að setja varnagla við ákvæði þessa frumvarps. Umbætur á lánasjóðskerfinu hafa verið helsta viðfangsefni íslensku stúdentarhreyfinganna í afar langan tíma, enda er sterkt lánasjóðskerfi lykilatriði í því að tryggja jafnt aðgengi að námi. Þó að þessar breytingar boða vel í grunninn verða þær vafasamar við nánari skoðun.

Íslenskir stúdentar hafa lengi barist fyrir því að frítekjumarkið verði hækkað enda er það lágt miðað við hin Norðurlöndin.

Mánaðarleg frítekjumörk námslánakerfa Norðurlandanna yfir árabilið 2021-2022

Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð
117.500 ISK	266.787 ISK	124.416 ISK	235.859 ISK	206.755 ISK ¹

Til þess að sjóðnum sé kleift að gegna sínu hlutverki sem jöfnunarsjóður er það nauðsynlegt að hann veiti aðstoð til þeirra sem þurfa mest á námslánum að halda. Það að afnema frítekjumarkið væri velviljuð aðgerð í átt að þessu markmiði, en afnám frítekjumarksins felur í sér lúmskar afleiðingar sem myndi grafa undan jöfnun. Stúdentar sem þéna háar tekjur og eru færir um að framfleyta sér gætu tekið út námslán og þar af leiðandi skilið stúdenta eftir sem eru í láglauastörfum eða atvinnulausir og eiga erfitt með að mæta útgjöldum. LÍS tekur undir með seinni grein frumvarpsins að sömu reglur eiga að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur.

¹ Þetta er frítekjumarkið undir venjulegum kringumstæðum. Að svo stöddu er ekkert frítekjumark til 30. júní 2022 af sökum heimsfaraldursins.

ENN OG AFTUR FAGNA SAMTÖKIN ÞESSARI UMRÆÐU UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA, ENDA ER HÚN BRÝN OG TÍMABÆR. ÞÓ BER AÐ HAFNA Í HUGA HEILDAR MYNDINA OG VERA VARKÁR Í ÚTFÆRSLU BREYTINGA. MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA ER JÖFNUNARSJÓÐUR, OG ÞESS VEGNA Á HANN EKKI AÐ SÆKJAST EFTIR JAFNRÉTTI (AÐ GEFA ÖLLUM ÞAÐ SAMA), EN HELDUR EFTIR JAFNRÆÐI (AÐ GERA ÖLLUM EINS KLEIFT AÐ RÆÐA SÍN ÖRLÖG).